

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 17. maí kl. 11:20, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 728. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Marta Grettisdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Sólveig Sigurðardóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason Margrét Þormar, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Birkir Ingibjartsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir og Jón Kjartan Ágústsson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

## Þetta gerðist:

- 1. Álfnes, (fsp) afnot af borgarlandi - setja 10- (36.2)** Mál nr. SN190239  
Skjalnr. 10252  
*15 fm. skúr á lóð og loftnet*  
Benedikt Sveinsson, Einarsnes 42A, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Benedikts Sveinssonar dags. 8. apríl 2019 ásamt greinargerð ódags. um afnot af landi/lóð Reykjavíkurborgar í Álfnesi nálægt urðunarstað SORPU bs. undir amatörradíó til lengri tíma en fyrirhugað er að setja 10-15 fm. skúr á lóð ásamt loftnetum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2019 samþykkt.*
- 2. Hálsakot, (fsp) breyta sumarhúsi í einbýlishús** Mál nr. SN190254  
Skjalnr. 13882  
Jón Birgir Kjartansson, Krúvás 17A, 221 Hafnarfjörður  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Jóns Birgis Kjartanssonar mótt. 11. apríl 2019 um að breyta sumarhúsi á lóðinni Hálsakot í Úlfarsfelli í einbýlishús. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2019.*
- 3. Hólmsheiði, athafnasvæði, nýtt (04.4)** Mál nr. SN170467  
Skjalnr. 10771  
*deiliskipulag*  
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 9. maí 2019 þar sem stofnunin getur ekki tekið afstöðu til málsins þar sem óvíst er hvaða umsagnir liggja fyrir þar sem þær hafa ekki borist stofnuninni s.s. umsagnir Minjastofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og Veiðimálastofnunar. Þá vantar önnur gögn og fylgiskjöl eftir því sem við á s.s. frá framkvæmdastjórn Vatnsverndar og skýrsla Mannvist, sem þarf jafnframt að koma fram sem hluti deiliskipulagsins sbr. skilmála á bls. 20. Einnig vantar fyrirvara í skilmála deiliskipulagsins sbr. samkomulag Veitna og Reykjavíkurborgar. Þá bendir stofnunin á að athuga þarf og lagfæra gögn eftir því sem við á, sjá nánar í bréfi stofnunarinnar. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. september 2018.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

4. **Kjalarnes, Brautarholt 11, breyting á skilmálum deiliskipulags** Mál nr. SN190257  
Skjalnr. 10166  
Herdís Þórðardóttir, Brautarholt 11, 162  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. maí 2019 var lögð fram umsókn Herdísar Þórðardóttur dags. 16. apríl 2019 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Brautarholts, Kjalarnesi - norðurhluti, vegna lóðarinnar nr. 11 við Brautarholt á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að heimilt er að vera með sambyggða aukaíbúð við íbúðarhúsið á lóðinni, sem ætluð er til útleigu, í stað sambyggðrar tvöfaldrar bílgeymslu, samkvæmt tillögu Einars Ingimarssonar arkitekts dags. 14. apríl 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Brautarholti I, Landnúmer 125-660, fasteignanr. 208-5165.*
- Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. og 12. gr. , sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
5. **Krókháls 13A, breyting á deiliskipulagi** (04.140.6) Mál nr. SN190293  
Skjalnr. 14127  
440703-2590 THG Arkitekta ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík  
Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 14. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóa-Djúpadals vegna lóðarinnar nr. 13A við Krókháls. Í breytingunni felst færsla á lóð fyrir dreifistöð til suðurs, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 2. maí 2019.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Laxalóni 2.*
- Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. og 12. gr. , sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
6. **Skálafell, breyting á deiliskipulagi** (35.3) Mál nr. SN190083  
Skjalnr. 9914  
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Landslags ehf. dags. 8. febrúar 2019 ásamt greinargerð ódags. varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Skálafelli, sem er í samræmi við samþykkt framtíðaráform samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Í breytingunni felst m.a. að fella út og sameina byggingarreiti fyrir skíðalyftur, færa byggingarreiti fyrir smáhýsi, minnka það svæði sem skilgreint er fyrir skíðabrekkur, fækka mögulegum bílastæðum, fjölga valkostum um vatnslón fyrir snjóframleiðslu o.fl., samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 14. febrúar 2019. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Engar athugasemdir bárust. Eftirtaldar stofnanir sendu umsagnir: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 10. apríl 2019, Vegagerðin dags. 15. apríl 2019, Mosfellsbær dags. 29. apríl 2019, Skipulagsstofnun dags. 6. maí 2019 og Veðurstofa Íslands dags. 16. maí 2019.  
*Vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra.*
7. **Vegbrekkur 43, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190245

500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 11. apríl 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Aðveitustöðvar 12 við Trippadal vegna lóðar nr. 43 við Vegbrekku. Í breytingunni felst að stækka lóð og byggingarreit aðveitustöðvarinnar til að koma fyrir vararafstöð, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 14. mars 2019. Einnig er lögð fram ákvörðun um framkvæmd í flokki C, dags. 10. maí. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breyting á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*

8. **Vegbrekkur 43, aðveitustöð - ákvörðun um framkvæmd í flokki C.** (04.475.1) Mál nr. SN190283  
Skjalnr. 14117

Komið er fyrir vararafstöð á stækkaðri lóð aðveitustöðvar. Vararafstöðin samanstendur af þrem samtengdum díselrafstöðvum og þarf að koma fyrir um 10.000 l olíutanki fyrir innan lóðar. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu náttúru og garða, dags. 10. maí 2019. *Ákvörðun um framkvæmd í flokki C. Framkvæmd er ekki matsskyld, sbr. umsögn skrifstofu náttúru og garða dags. 10. maí 2019.*

9. **Borgartún 1 og 3, breyting á deiliskipulagi** (01.216.2) Mál nr. SN180844  
Skjalnr. 6558

450613-2310 BE eignir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn PKdM Arkitekta ehf. dags. 7. desember 2018 ásamt bréfi dags. 14. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðaranna nr. 1 og 3 við Borgartún. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar byggingarreits nr. 1 til austurs, aukið byggingarmagn, hækkun hámarkshæðar og breytingu á bílastæðakröfu. Lóð nr. 3 minnkar sem nemur stækkun lóðarinnar nr. 1 við Borgartún, samkvæmt uppdr. PKdM Arkitekta ehf. dags. 14. febrúar 2019. Einnig er lagt fram skuggavarp dags. 18. október 2018. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

10. **Freyjugata 30, Byggja nýjan bílskúr** (01.196.002) Mál nr. BN056130  
Skjalnr. 14134

511193-2149 Fossar ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja bílskúr á lóð nr. 30 við Freyjugötu.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda á lóð dags. 7. maí 2019.

Stærð: 66,0 ferm., 221,2 rúmm. Stækkun: 26,0 ferm., 105,7 rúmm. Gjald kr. 11.200

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

11. **Grensásvegur 12, (fsp) breyting á notkun** (01.295.4) Mál nr. SN190162  
Skjalnr. 7485

470596-2799 Neglur og list ehf, Grensásvegi 12, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. mars 2019 var lögð fram fyrirspurn Rósu Bjarkar Hauksdóttur dags. 1. mars 2019 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 12 við Grensásveg úr snyrtistofu í gististað/farfuglaheimili. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.*

12. **Langagerði 14, Bílskúr austan við hús** (01.832.007) Mál nr. BN055842  
Skjalnr. 14009

Jón Aðalsteinn Sveinsson, Langagerði 14, 108 Reykjavík  
Guðrún Elísabet Ómarsdóttir, Langagerði 14, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypnan bílskúr, einangraðan að innan með timburþaki á lóð nr. 14 við Langagerði. Erindi var grenndarkynnt frá 15. apríl til og með 13. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir. Guðný J. Valberg og Ólafur Eggertsson, dags. 2. maí 2019.

Stærð bílskúrs er: 48,9 ferm., 163,5 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. mars 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. mars 2019. Gjald kr. 11.200

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

13. **Skólavörðustígur 15, Breytingar innan- og utanhúss** (01.182.008) Mál nr. BN056146  
Skjalnr. 13955

600298-2169 12 tónar ehf, Skólavörðustíg 15, 101 Reykjavík  
480198-2479 Skólavörðustígur 15 ehf, Skólavörðustíg 15, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara, koma þar fyrir snyrtingum fyrir gesti og breyta í veitingastað í flokki I og II í húsi á lóð nr. 15 við Skólavörðustíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2019.

Gjald kr. 11.200

*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2019.*

14. **Austurberg 2-6, Framlengja þak - svalaskýli** (04.677.401) Mál nr. BN055986  
Skjalnr. 14111

511115-1400 Austurberg 2-6, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. apríl 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir framlengingu á þaki sem og að setja upp svalaskýli á svölum 16 af 18 íbúðum hússins á lóð nr. 2, 4 og 6 við Austurberg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2019.

Erindi fylgja fundargerðir húsfunda dags. 9. janúar, 23. apríl og 7. júní 2018.

Gjald: 11.200 kr.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2019 samþykkt.*

15. **Bauganes 3A, (fsp) uppbygging á lóð** (01.672.0) Mál nr. SN190240  
Skjalnr. 8103

Silja Björg Halldórsdóttir, Holtsgata 33, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Silju Bjargar Halldórsdóttur dags. 9. apríl 2019 um uppbyggingu á lóð nr. 3A við Bauganes. Einnig er lagður fram tölvupóstur Silju Bjargar Halldórsdóttur dags. 8. maí 2019 varðandi nýja tillögu að uppbyggingu á lóð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.*

16. **Bæjarflöt 19, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (02.578.4) Mál nr. SN190231  
Skjalnr. 13881  
530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík  
620617-2880 Þvergil ehf., Pósthólf 5139, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags. 3. apríl 2019 ásamt bréfi dags. 3. apríl 2019 um breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar suður vegna lóðarinnar nr. 19 við Bæjarflöt. Í breytingunni felst breyting á nýtingu þannig að byggingarreiturinn verði brotinn upp í tvo reiti, aðkoma að lóðinni verði skilgreind með tveimur innkeyrslum, hæð bygginga verði lækkuð um 1 metra og að hámarkshæð verði 8 metrar, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 3. apríl 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. maí 2019.  
*Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. maí 2019.*
17. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar, breyting á** (01.63) Mál nr. SN180864  
Skjalnr. 9008  
*deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 15-19 og 21*  
*við Sæmundargötu*  
420104-2350 Vísindagarðar Háskóla Ísl ehf., Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík  
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Ask Arkitekta ehf. dags. 14. desember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða, vegna lóðanna nr. 15-19 og 21 við Sæmundargötu. Í breytingunni felst breyting á kröfum um fjölda bílastæða á lóðunum og samnýtingu bílageymslu á lóð nr. 21 við Sæmundargötu, felld er niður krafa um ramp í bílakjallara á lóð nr. 19 við Sæmundargötu og felldur er niður dálkur í nýrri skilmálatöflu um heildarfjölda bílastæða á lóðunum auk þess sem dálkur með C-rýmum er felldur niður, samkvæmt uppdr. Ask Arkitekta ehf. dags. 14. desember 2018. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*
18. **Hringbraut Landsp., Hjólaskýli fyrir** (01.198.901) Mál nr. BN056174  
Skjalnr. 9942  
*starfsfólk NLSH*  
500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja létt hjólaskýli sem verður Mhl. XX úr stáli klætt hálfgegnsærri plastklæðningu, óeinangrað og óuppþitað á lóð Landsspítalans við Hringbraut. Stærð: 51,7 ferm., 200,6 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
19. **Nýr Landspítali við Hringbraut, (fsp)** (01.19) Mál nr. SN190220  
Skjalnr. 12506  
*tengibrú yfir Hrafnsgötu milli*  
*Meðferðarkjarna og Barnaspítala*

500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Nýs Landspítala ohf. dags. 26. mars 2019 ásamt bréfi SPITAL dags. 26. mars 2019 varðandi tengibrú yfir Hrafnsgötu sem tengir Meðferðarkjarna og Barnaspítala Nýs Landspítala. Óskað er eftir undanþágu frá 6.4.11 gr. byggingarreglugerðar í tveimur atriðum. Annars vegar er óskað eftir að hvíldarpalli sé sleppt og hins vegar að skábraut fái að vera með halla 52,6 eða 1:19. Einnig er lögð fram tillaga Teiknistofunnar Tröð dags. 12. mars 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. maí 2019.

*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. maí 2019.*

20. **Torufell 21-35, (fsp) nr. 33 - skipta íbúð í** (04.686.1) Mál nr. SN190237  
*tvær litlar íbúðir* Skjalnr. 14114

Krzysztof Muszynski, Hrisrimi 11, 112 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Krzysztof Muszynski dags. 8. apríl 2019 um að skipta íbúð í húsinu nr. 33 á lóð nr. 21-35 í tvær íbúðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.*

21. **Vesturgata 51C, Hækka ris** (01.134.007) Mál nr. BN055292  
Skjalnr. 11205

Hafþór Páll Bryndísarson, Vesturgata 51C, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að hækka ris þannig að ný hæð verði þar sem nú er hæð og ris í húsi á lóð nr. 51C við Vesturgötu. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 25. mars 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. mars 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 15. apríl 2019 til og með 13. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sturla Einarsdóttir og Þórunn Björnsdóttir dags. 12. maí 2019.

Stækkun: ferm, rúmmetrar. Vísað er í umsögn Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 25. apríl 2014, útskrift úr gerðarbók skipulagsfulltrúa, dags. 28. apríl 2014 og umsögn Minjasafns Reykjavíkur, dags. 18. maí 2014. Gjald kr. 11.000

*Vísað til umsagnar verkefnastjóra*

22. **Fiskislóð 1A, breyting á deiliskipulagi,** Mál nr. SN180858  
*búsetuúrræði Velferðarsviðs - smáhýsi.* Skjalnr.

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Örfirisey Vesturhöfn til að koma fyrir 1-5 ca. 30m<sup>2</sup> smáhýsum fyrir skjólstæðinga Velferðarsviðs Reykjavíkur/Félagsbústaða. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri lóð Fiskislóð 1a fyrir smáhýsin, á núverandi bílastæði á borgarlandi vestan lóðarinnar Fiskislóð 1, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 12. desember 2018. Einnig er lögð fram umsögn Faxaflóahafna sf. dags. 2. janúar 2019.

*Erindi dregið til baka með vísan til umsagnar Faxaflóahafna sf. dags. 2. janúar 2019.*

23. **Laugateigur 21, Rishæð - fjölga eignum** (01.364.111) Mál nr. BN056011  
Skjalnr. 13525

Freyr Arnarson, Laugateigur 21, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að hækka þak og byggja kvisti og innréttan risibúð í húsi á lóð nr. 21 við Laugateig. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.

Stækkun: 50,5 ferm., 152,9 rúmm. Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 12. mars 2019. Gjald kr. 11.200

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.*

24. **Lækjargata 8, breyting á deiliskipulagi** (01.140.5) Mál nr. SN180334  
Skjalnr. 5251  
450269-3609 Lækur ehf., Bæjarlind 6, 201 Kópavogur  
490597-3289 Studio Granda ehf., Smiðjustíg 11b, 101 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju umsókn Studio Granda ehf. dags. 3. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.140.5, Pósthússtrætisreits, vegna lóðarinnar nr. 8 við Lækjargötu. Í breytingunni felst m.a. að einnar hæðar bakbyggingar gamla hússins og skúr við gafl Lækjargötu 6b verði fjarlægðar og endurbyggðar að hluta, byggðar eru 2 hæðir og portbyggt ris með kvistum yfir innkeyrsluramp auk þess sem byggt er upp að gafl Lækjargötu 6b. Gert er ráð fyrir kjallara undir gamla húsinu og nýbyggingu, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarsupph. Studio Granda ehf. dags. 1. október 2018. Einnig er lögð fram útskrift úr fundargerð Minjastofnunar Íslands 3. ágúst 2016, minnisblað EFLU dags. 24. nóvember 2016 og Bréf Studio Granda ehf. dags. 1. október 2018. Jafnframt er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 14. nóvember 2018 og bréf Studio Granda ehf. dags. 22. janúar 2019. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Haraldur Ingvarsson f.h. eiganda að Lækjargötu 6B dags. 29. apríl 2019 og Jón Örn Valsson, Magnús Steinþórsson og Eiríkur Óskarsson f.h. húsfélagsins Pósthússtræti 13 dags. 8. maí 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
25. **Brautarholt 6, 3. hæð - íbúðir** (01.241.204) Mál nr. BN055618  
Skjalnr. 11547  
670502-3090 XO eignarhaldsfélag ehf, Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta 6 íbúðir og byggja svalir á norður- og suðurhlíð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 6 við Brautarholt. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. apríl 2019 til og með 13. maí 2019. Einnig er lagður fram tölvupóstur Kjartan Ottósson, formanns húsfélags Stúfholts 1, dags. 13. maí 2019 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2019 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. febrúar 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019. Gjald kr. 11.000  
*Samþykkt er að framlengja athugasemdarfrest til 30. maí nk, sbr. tölvupósts formanns húsfélagsins Stúfholts 1, dags. 13. maí 2019.*
26. **Brúnaland 2-40 3-21, 21 - Breytingar -** (01.852.002) Mál nr. BN056159  
*BN052548* Skjalnr. 12621  
Kristín Auður Sophusdóttir, Ánaland 6, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052548 þannig að settur verður steypur stigi frá kjallara upp á lóð við austurhlíð húss nr. 21 við Brúnaland.  
Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
27. **Fellsmúli 5-11, 9-11 - Klæðning, endurnýja** (01.294.302) Mál nr. BN056064  
*svalir* Skjalnr. 12777

600219-0140 Fellsmúli 9-11, húsfélag, Fellsmúla 11, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að klæða suðurhlíð og vesturgafli sléttri áklæðningu ásamt því að endurnýja svalir og svalahandrið á húsi 9-11 á lóð 5-11 við Fellsmúla.

Erindi fylgir fundargerð Húsfélagsins Fellsmúla 9-11 haldinn þann 12. mars 2019 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 30. apríl 2019. Gjald kr. 11.200

*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

28. **Lyngháls 1, breyting á deiliskipulagi** (04.326.0) Mál nr. SN190252  
Skjalnr. 8110

470193-2559 Prentmet ehf, Lynghálsi 1, 110 Reykjavík

531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvégi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Lyngháls. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur ofan á núverandi byggingu og hann verði hluti af heildarbyggingarmagni sem leyfilegt er að byggja á lóðinni og hámarksbyggingarmagn lóðar fari úr 1,0 í 1,1, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2019.

*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

29. **Mjölnisholt 4, 6, 8 og 10, breyting á deiliskipulagi** (01.241.0) Mál nr. SN180046  
Skjalnr. 6747

461212-1740 Arctic Tours ehf., Hagamel 34, 107 Reykjavík

460902-2150 K.J. hönnun ehf, Kringlunni 7, 123 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kjartans Hafsteins Rafnssonar f.h. Arctic Tours ehf. dags. 23. janúar 2018, varðandi breytingu á deiliskipulagi Hampiðjureits vegna lóðanna nr. 4, 6, 8 og 10 við Mjölnisholt. Í umsókn um breytingunni fólst að hækka húsin um 46-60 cm, sameina lóðirnar nr. 6 og 8 og byggja sameiginlegan stigagang/lyftuhús, gera niðurgrafna bílgeymslu á lóðunum nr. 6, 8 og 10, útbúa bílastæði fyrir rafmagnsbíl í bakgarði lóðar nr. 4 og geymsluskúr á baklóð lóðar nr. 6, samkvæmt uppdr. K.J. hönnunar ehf. dags. 19. janúar 2018, síðast breytt 23. mars 2018. Í breytti tillögu felst að leiðrétta mænishæðir húsanna þannig að rishæðir nýtist fyrir íbúðir, mænishæðir hækka um 0,5 -2,3 m. Einnig bætist við heimild fyrir 35 m<sup>2</sup> geymsluskúr á lóðinni nr. 6 og leiðréttar eru upplýsingar um byggingarmagn geymsluskúra á lóðum nr. 8 og 10. Einnig lagt fram bréf Kjartans Ingvarssonar dags 14. júní 2018 og breyttur uppdráttur K.J. hönnunar ehf. dags 13. júní 2018 þar sem óskað er eftir afstöðu til breyttrar tillögu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Kjartans Ingvarssonar f.h. Arctic Tours ehf. dags. 16. nóvember 2018 um endurupptöku á ákvörðun skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. janúar 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 4. febrúar 2019 til og með 4. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hrönn Vilhelmsdóttir og Þórólfur Antonsson dags. 25. febrúar 2019 og Páll V. Bjarnason f.h. RA 5 ehf. dags. 1. mars 2019. Tillagan var grenndarkynnt að nýju frá 17. apríl 2019 til og með 15. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.

*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

30. **Austurstræti 3, Skemmtistaður - 2. og 3.hæð** (01.140.213) Mál nr. BN056178  
Skjalnr. 5179

521288-1409 Fitjaborg ehf, Háholti 8, 210 Garðabær



Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki III, teg. skemmtistaður á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 3 við Austurstræti. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.

Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá EFLU dags. 15. mars 2019. Gjald kr. 11.200. *Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.*

31. **Básendi 12, Bílskúr** (01.824.015) Mál nr. BN056156  
Skjalnr. 11581  
Sveinn Óskar Þorsteinsson, Brúnastaðir 59, 112 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr við fjölbýlishús á lóð nr. 12 við Básenda. Stærð: 71,4 ferm., 221,2 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
32. **Bergþórugata 55, (fsp) stækkun bakhúss, færsla á svölum o.fl.** (01.191.1) Mál nr. SN190247  
Skjalnr. 14118  
Garðar Snæbjörnsson, Sólvallagata 33, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Garðars Snæbjörnssonar dags. 11. apríl 2019 varðandi endurnýjun og stækkun á núverandi bakhúsi á lóð nr. 55 við Bergþórugötu og gera þar litla tveggja herbergja íbúð, færa svalir á bakhlíð húss til vegna breytinga á innri skipullagi og gera litla íbúð í kjallara hússins, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 11. apríl 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
33. **Flugvöllur, Flugskýli 3 - Stöðuleyfi fyrir skrifstofur og snyrtieiningar** (01.68.-.99) Mál nr. BN055978  
Skjalnr. 12203  
550210-0370 Isavia ehf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir 6 skrifstofu- og snyrtieiningar norðan við flugskýli 3 á lóð Reykjavíkflugvallar. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.  
Stærð: 88,2 ferm., 247,7 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.*
34. **Ingólfsstræti 10, (fsp) breyting á notkun** (01.170.3) Mál nr. SN190265  
Skjalnr. 8634  
510816-0480 Pálsson Apartments ehf., Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Pálson Apartments ehf. dags. 29. apríl 2019 um breytingu á notkun hússis á lóð nr. 10 við Ingólfsstræti úr íbúðarhúsnæði í gististað í flokki II. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.*
35. **Þórðarhöfði 4, staðsetning ökutækjaleigu** (04.053.1) Mál nr. SN190298  
Skjalnr. 14135  
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík  
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 16. maí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Ragnars Þórs Ægissonar f.h. Rent me a car um að reka ökutækjaleigu að Þórðarhöfða 4. Sótt er um leyfi fyrir allt að 80 ökutækjum í útleigu.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
36. **Hlemmur, reitur 1.240.0, lýsing** (01.2) Mál nr. SN190145  
Skjalnr. 12842  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. mars 2019, vegna nýs deiliskipulags reits 1.240.0 Hlemmur í kjölfar hugmyndasamkeppni um svæðið, sem felst í endurskipulagningu svæðisins fyrir

forgangsakreinar hágæða almenningssamgangna, ný gatnamót við Snorrabraut/Bríetartún, nýtt torg og göngugötur, afmörkun byggingarreitar fyrir flutningshúsið Norðurpóll og nýrra léttra mannvirkja fyrir verslun og þjónustu og ný afmörkun deiliskipulagsreita á svæðinu. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Kristófers Oliverssonar f.h. lóðarhafa Laugavegar 120 dags. 7. maí 2019. Eftirtaldar stofnanir sendu umsagnir: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 2. apríl 2019, Skipulagsstofnunar dags. 4. apríl 2019 og Vegagerðin dags. 15. apríl 2019.

*Visað til skipulags- og samgönguráðs*

37. **Hlemmur, mathöll, ósk um umsögn - stækkun** (01.2) Mál nr. SN190276  
Skjalnr. 12842  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2019 var lagður fram tölvupóstur skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 8. maí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa á hugmyndum leigutaka Mathallar við Hlemm dags. 3. janúar 2019 um mögulega stækkun Hlemms. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 17. maí 2019.*
38. **Vegamótastígur 7 og 9, breyting á skilmálaum deiliskipulags** (01.171.5) Mál nr. SN190277  
Skjalnr. 13591  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík  
650417-2910 VMT ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Birkis Árnasonar dags. 8. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi deiliskipulags reits 1.171.5 vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Vegamótastíg. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar í eina lóð, samkvæmt tillögu Arkþings ehf. dags. 8. maí 2019.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs*
- Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breyting á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*
39. **Freyjubrunnur 23, breyting á deiliskipulagi** (02.695.4) Mál nr. SN180649  
Skjalnr. 11587  
Jón Hrafn Hlöðversson, Holtsbúð 27, 210 Garðabær  
520515-1000 Mánalind ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Jóns Hrafn Hlöðverssonar dags. 18. september 2018 um breytingu á deiliskipulagi að Freyjubrunni 23. Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum úr fimm í átta og auka byggingarmagn, samkvæmt uppdr. Mansard teiknistofu dags. 31. janúar 2019. Einnig er lagt fram bréf Mansard teiknistofu dags. 18. september 2018 og bréf borgarlögmanns dags. 5. september 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Mansard teiknistofu ehf. dags. 29. ágúst 2018 mótt. 23. nóvember 2018. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hildur Eyjólfsdóttir dags. 21. apríl 2019, Ástríður Elín Jónsdóttir og Jón Viggó Gunnarsson dags. 6. maí 2019, Jón Viggó Gunnarsson, Guðrún B. Ægisdóttir og Sandra Júlí Berndburg f.h. Húsfélagsins Freyjubrunni 25-27 dags. 8. maí 2019 og Hafliði Páll Guðjónsson, Ámunda Baldursdóttir, Pálmi Franklín Guðmundsson og Guðrún Ása Hjálmtýsdóttir dags. 8. maí 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
40. **Gerðarbrunnur 44, Breyting innan og utanhúss.** (05.054.701) Mál nr. BN055374  
Skjalnr. 14133  
Gísli Gíslason, Gerðarbrunnur 44, 113 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að innra fyrirkomulagi og útliti hefur verið breytt, stigi milli hæða fjarlægður og komið fyrir timburstiga utanhúss að

innngangi á efri hæð auk þess sem stoðveggur hefur verið steypdur við austurhlið í húsi á lóð nr. 44 við Gerðarbrunn.

Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 6. maí 2019. Gjald kr. 11.000

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

41. **Hólmaslóð 6, Bæta við 3.hæðinni á** (01.111.402) Mál nr. BN056134  
*núverandi hús og bæta við tveggja hæða* Skjalnr. 14125  
*viðbyggingu.*  
Katrín Þorvaldsdóttir, Háahlíð 12, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að hækka hús um eina hæð og reisa tveggja hæða viðbyggingu við suðausturhlið húss á lóð nr. 6 við Hólmaslóð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.  
Stækkun: 728.9 ferm., xx rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dagsett 24. apríl 2019, heildar varmatapsrammi fyrir Hólmaslóð 6 dags. 17. apríl 2019, mæliblað 1.111.401, 1.111.402 síðast breytt í júní 2005. Gjald 1.200 kr.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.*
42. **Langholtsvegur 89, Endurbygging og** (01.410.021) Mál nr. BN056187  
*breyting viðbyggingu* Skjalnr. 9599  
490103-3250 Aflorka ehf., Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og breyta viðbyggingu, breyta þaki, stækka kvist, nýta fermetra í kjallara, stækka 2. hæð, nýjum stiga á norðurhlið, breyta gluggasetningu á norður- og suðurhlið, einangra að utanverðu og klæða með steiningu og setja svalir á austurhlið húss á lóð nr. 89 við Langholtsveg.  
Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
43. **Úlfarsárdalur - breyting vegna reits A,** (02.6) Mál nr. SN190118  
*breyting á deiliskipulagi vegna* Skjalnr. 9615  
*Skyggnisbrautar 25-27 og 29-31,*  
*Gæfufjarnar 20-24 og 26-28 og Silfratjarnar*  
*2-4*  
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík  
Að lokinni auglýsing er lögð fram að nýju umsókn Bjargs Íbúðafélags hses. dags. 21. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna Skyggnisbrautar 25-27 og 29-31, Gæfufjarnar 20-24 og 26-28 og Silfratjarnar 2-4. Í breytingunni felst að bæta við 10 bílastæðum, þar af eru 7 bílastæði staðsett ómerkt í göturými Silfratjarnar, samkvæmt tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 20. febrúar 2019. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*
44. **Úlfarsbraut 62-64, Stoðveggir** (02.698.602) Mál nr. BN056185  
Skjalnr. 14132  
Magnús Gabriel Haraldsson, Úlfarsbraut 62, 113 Reykjavík  
Unnsteinn Örn Elvarsson, Úlfarsbraut 64, 113 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN041672 sem felst í því að steypa garðveggi á lóðarmörkum við húseignir á lóð nr. 62-64 við Úlfarsbraut.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Úlfarsbrautar 60 dags. 29. apríl 2019 og tölvupóstur byggingarfulltrúa dags. 18. febrúar 2019. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

45. **Öldugata 44 og Brekkustígur 9, (fsp) gerð** (01.139.1) Mál nr. SN190274  
*deiliskipulags* Skjalnr. 6440  
521108-1180 Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík  
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Helga Konráðs Thoroddsen dags. 8. maí 2019 ásamt greinargerð dags. 8. maí 2019 um gerð deiliskipulags fyrir lóðirnar nr. 44 við Öldugötu og 9 við Brekkustíg þar sem áformuð er ný uppbygging og breyting á lóðamörkum.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
46. **Ásvallagata 48, (fsp) niðurrif á húsi** (01.139.1) Mál nr. SN180678  
Skjalnr. 11752  
Ingunn Helga Hafstað, Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík  
670812-0810 Alma C ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. desember 2018 var lögð fram fyrirspurn Ingunnar Helgu Hafstað dags. 1. október 2018 ásamt bréfi dags. 4. september 2018 varðandi niðurrif hússins á lóð nr. 48 við Ásvallagötu. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 2. júlí 2018 og bréf Ferils ehf., verkfræðistofu, dags. 19. september 2018. Einnig er lagður fram tölvupóstur skrifstofu sviðsstjóra dags. 9. apríl 2019 og tölvupóstur Grétars Hannessonar þar sem óskað er eftir að byggingarleyfisumsókn nr. BN053008 verði felld úr gildi. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019 samþykkt.*
47. **Bergstaðastræti 27, Flytja hús og nýbygging** (01.184.414) Mál nr. BN055857  
Skjalnr. 7180  
440915-1320 Bergstaðastræti 27 ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að flytja friðað timburhús um lengd sína til suðurs á nýjan steinsteyptan kjallara, endurgera og innréttu tvær íbúðir og til að rífa, endurbyggja og stækka steinhús sem fyrir er á lóð og innréttu átta íbúðir á lóð nr. 27 við Bergstaðastræti, samkvæmt uppdráttum Glámu-Kím dags. 26. febrúar 2019. Einnig eru lagðir fram skýringaruppdrættir Glámu-Kím dags. 14. mars 2019, skuggavarpuppdrættir Glámu-Kím dags. 28. mars 2019 og götummyndir ódags. Erindi var grenndarkynnt frá 15. apríl 2019 til og með 13. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Steinunn Sveinbjarnardóttir, Helga Völundardóttir, Mímir Völundarson og Lind Völundardóttir dags. 4. maí 2019, Guðrún Jarþrúður Baldvinsdóttir og Hildur Heimisdóttir dags. 5. maí 2019, Ásdís Thoroddsen dags. 11. maí 2019, Sigríður Halldórsdóttir dags. 11. maí 2019, Steinunn Stefánsdóttir dags. 12. maí 2019, Anna Lára Lárusdóttir dags. 13. maí 2019, Katrín Rós Gýmisdóttir f.h. eigenda að Bergstaðastræti 28 dags. 13. maí 2019, Katrín Rós Gýmisdóttir f.h. Ránarhóls ehf. dags. 13. maí 2019, Baldur Héðinsson og Anna Helga Jónsdóttir dags. 13. maí 2019 og Húseigendafélagið f.h. Telmu Huld Jóhannesdóttur dags. 13. maí 2019.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 25. febrúar 2019, greinargerð um hita- og rakaástand, minnisblað um burðarvirki og lagnir dags. 22. febrúar 2019 og minnisblað um hljóðvist dags. 22. febrúar 2019. Eftir stækkun, mhl. 01, A-rými: 172,3 ferm., 514,8 rúmm. Mhl. 02, A-rými: 640,1 ferm., 1.946,2 rúmm. B-rými: 17,7 ferm., 49,6 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

48. **Grundarstígur 7, breyting á deiliskipulagi** (01.184.0) Mál nr. SN190048  
Skjalnr. 10741

Árni Guðjónsson, Grundarstígur 7, 101 Reykjavík  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvégi 152, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 22. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Bergstaðastrætisreits, reitur 1.184.0 vegna lóðarinnar nr. 7 við Grundarstíg. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir Grundarstígur 7 og 7B, kvöð er á lóðinni nr. 7 um umferð, sem og heimild til lagnar fráveituheimæðar og annarra lagna, leyfilegt nýtingarhlutfall lóðanna tveggja er aukið, byggingarreitur bílskúrs á lóð 7B stækkar og heimilt er að fjarlægja bílskúr og reisa innan byggingarreitsins íbúðarhús, kjallara og hæð, allt að 120 fm., samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 16. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*

49. **Melgerði 17, Breyta efri hæð og byggja sólstofu** (01.815.312) Mál nr. BN056127  
Skjalnr. 14013

Svanhvít Aðalsteinsdóttir, Melgerði 17, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sólstofu við austurhlíð og til að rífa kvisti og byggja nýja, koma fyrir þakgluggum, gera yfirbyggðar svalir á vesturhlíð og breyta innra skipulagi efri hæðar ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum bílskúr á lóð einbýlishúss á lóð nr. 17 við Melgerði.

Stækkun: 67 ferm., 184,5 rúmm. Gjald kr. 11.200

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

50. **Réttarholtsvegur 21-25, Færanlegar kennslustofur og tengigangur** (01.832.301) Mál nr. BN056074  
Skjalnr. 10665

*Verkb.nr. 170694*

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að setja upp fjórar færanlegar kennslustofur og tengigang á lóð skólans nr. 21-25 við Réttarholtsveg. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Stærðir: Kennslustofur, pr. hús (4 stk.): 62,7 ferm, 210,9 rúmm, Samtals stærð á húsum: 250,8 ferm., 843,6 rúmm. Tengigangur: 11,7 ferm., 38,6 rúmm. Samtals viðbót á lóð: 262,5 ferm., 882,2 rúmm. Erindi fylgir bréf Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. apríl 2019.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Langagerði 40, 58, 60, 62, 80, 82, 84, 102, 104, 106 og 122 og Ásgarði 73-77, 95-111.*

*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

51. **Skipholt 31, Byggja æfingasal** (01.251.004) Mál nr. BN056135  
Skjalnr. 6138

490703-3060 Viðsjá-kvikmyndagerð ehf., Birkihlíð 13, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja æfingasal fyrir Listaháskóla Íslands ofan á mhl. 02 í húsi á lóð nr. 31 við Skipholt.

Erindi fylgir mæliblað nr. 1.251.0. Stækkun: 224,9 ferm, 976,9 rúmm. B-rými: 10,4 ferm. Gjald kr. 11.200

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

52. **Kópavogur, skipulagslýsing - breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2012- 2024 og nýtt deiliskipulag**

Mál nr. SN190297  
Skjalnr. 8439

700169-3759 Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur

Lagður fram tölvupóstur Kópavogsbæjar, skipulagsstjóra Kópavogs, dags. 15. maí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn á skipulagslýsingu dags. 29. apríl 2019 vegna framkominnar tillögu um breytingu á gildandi aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og tillögu að deiliskipulagi á sama svæði. Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr þróunarreitur, Traðarland austur, fyrir þéttingu byggðar.

*Vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:23.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Marta Grettisdóttir